



KOLLGÁTA
ARKITEKTÚR



DEILISKIPULAG FRÍSTUNDABYGGÐAR AÐ NEÐRI-ÁSI 2, land 3 og 4 í Skagafirði

GREINARGERÐ

15.05.2026

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
1.1 SKIPULAGSGÖGN OG SAMRÆMI VIÐ AÐRAR SKIPULAGSÁÆTLANIR	3
1.2 BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU SÍÐASTA DEILISKIPULAGS.....	4
1.3 MARKMIÐ DEILISKIPULAGSINS.....	4
1.4 UMHVERFISMAT DEILISKIPULAGS.....	4
1.5 ATHUGASEMDIR OG VIÐBRÖGÐ VIÐ FYRRI KYNNINGU	5
2 SKIPULAGSSVÆÐIÐ – STAÐHÆTTIR.....	6
2.1.1 AFMÖRKUN SVÆÐISINS.....	6
2.1.2 GRÓÐURFAR.....	6
2.1.3 FORNMINJAR.....	7
2.1.4 KVAÐIR Í SKIPULAGINU.....	7
3 DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR	8
3.1 ALMENNT	8
3.2 LÓÐIR.....	8
3.3 HÚSAGERÐIR OG ÁKVÆÐI BYGGINGARREITA	8
3.4 BYGGINGARREITIR	9
3.5 BÍLASTÆÐI	9
3.6 GRÓÐUR OG UMHVERFI LÓÐA.....	9
3.7 ÚTIVISTARSVÆÐI OG STÍGAR.....	10
3.8 SORPHIRÐA.....	10
3.9 GÖTUR OG LÝSING	10
3.10 MÆLIBLÖÐ.....	10
3.11 FRAMKVÆMDALEYFI	10
3.12 VEITUR OG LAGNIR.....	10
3.12.1 VATNSVEITA.....	10
3.12.2 FRÁVEITA	11
3.12.3 RAFVEITA	11
3.12.4 LÓSLEIÐARI	11
4 ÁHRIFAMAT.....	11
5 MÁLSMEÐFERÐ	12
5.1 AUGLÝSING.....	12
5.1 AFGREIÐSLA ATHUGASEMDA.....	12
5.1 BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU	12
6 AFGREIÐSLA OG GILDISTAKA	12

INNGANGUR

Frumkvæði að vinnslu deiliskipulagstillögu í landi Neðri-Áss í Skagafirði eiga landeigendur. Ekki er til deiliskipulag af svæðinu og skal hér úr því bætt. Um all langt skeið hafa staðið fjögur sumarhús á svæðinu og fyrirhugað er að reisa nokkur til viðbótar. Kollgáta arkitektar vinna deiliskipulagið. Skipulag þetta er unnið af arkitektastofunni Kollgátu ehf fyrir hönd langeigenda. Skipulagshöfundur er Ingólfur Freyr Guðmundsson, Byggingafræðingur á lista Skipulagsstofnunar yfir viðurkennda skipulagshöfunda.


Deiliskipulag þetta er fer nú í annað sinn í gegnum kynningarferil nýs deiliskipulags, en það hafði áður farið í gegnum fullt ferli (málsnr. 880/2024) en vegna mistaka við skil skipulagsgagna í B-deild Stjórnartíðinda sem dróst fram yfir leyfilega 12 mánuði þá er deiliskipulagið hér kynnt í annað sinn. Landeigendur hafa nýtt tækifærið og gert smávægilegar breytingar á skipulaginu sem hér eru kynntar og taldar upp sérstaklega í lið 1.2 í greinargerð þessari.

1.1 SKIPULAGSGÖGN OG SAMRÆMI VIÐ AÐRAR SKIPULAGSÁÆTLANIR

Skipulagsgögn eru þessi, deiliskipulagsuppráttur nr. 100 í mkv. 1:2000, dags. 9.04.2026.

Teikningar eru byggðar á loftmynd frá Loftmyndum ehf og 2m. hæðalínukortum unnum af Ísgrafi. Einnig á hnitaskrá frá sveitarfélaginu frá árinu 2015 sem sést hér að neðan (mynd 1.0). Fornminjar hafa verið skráðar rafrænt í skipulagsgrunninn skv. skráningu Minjastofnunar og þá lágu einnig fyrir fjöldi loftmynda af svæðinu öllu og farnar voru vettvangsferðir til skoðunar.

Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035. Í aðalskipulaginu er á svæðinu gert ráð fyrir frístundabyggð með allt að 50 húsum og er það táknað F-8 á uppdrætti með aðalskipulaginu



Mynd 1.0: Yfirlitsmynd af svæðinu. Deiliskipulagssvæðið merkt með rauðum hring

1.2 BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU SÍÐASTA DEILISKIPULAGS

Breytingar á skipulagi frá fyrri auglýsingu skipulags eru þessar:

- Lóð 11, stækkuð um 3.870m²
- Byggingareitur á lóð 11 stækkar
- Byggingareitur á lóð 3 stækkar
- Byggingareitur á lóð 4 stækkar
- Byggingareitur á lóð 1 stækkar
- Byggingareitur á lóð 9 stækkar
- Vegur er settur í opið svæði mill lóða 6 og 4
- Vegur settur upp að lóð 6

1.3 MARKMIÐ DEILISKIPULAGSINS

Tilgangur verksins er að skipuleggja orlofshúsaðverfi með 17 sumarhúsalóðum auk einnar lóðar fyrir baðhús og einnar lóðar fyrir tækjaskemmu. Markmið deiliskipulagsins er að skipuleggja frístundabyggð með alls 19 lóðum. Engin íbúðarhús eru leyfileg innan skipulagssvæðisins. Helstu markmið deiliskipulagsins eru þessi:

- Að skipuleggja þar alls 17 frístundalóðir. Þar af hafa þegar verið reist á 6 þeirra.
 - Lóð nr 6
 - Lóð nr 4
 - Lóð nr 2
 - Lóð nr 3
 - Lóð nr 7
 - Lóð nr 9
- Að skipuleggja eina lóð fyrir baðhús (lóð 13)
- Að skipuleggja eina lóð fyrir tækjaskemmu (lóð 19)

1.4 UMHVERFISMAT DEILISKIPULAGS

Það er mat skipulagshöfunda að umhverfisáhrif skipulagsins séu ekki með þeim hætti að áhrif þess á aðliggjandi svæði eða einstaka þætti svo sem vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar.

Fjöldi og gerð nýrra húsa á svæðinu, vegir aðrar framkvæmdir tengdar nýrri uppbyggingu eru á þeirri stærðargráðu að ekki er talin ástæða til umhverfismats. Skipulagið stenst því kröfur í gr. 1.1. og gr. 5.1.1. í skipulagsreglugerð.

1.5 ATHUGASEMDIR OG VIÐBRÖGÐ VIÐ FYRRI KYNNINGU

Eins og segir í inngangi greinargerðar þessarar hefur skipulagsáætlunin áður farið í gegnum kynningarferil deiliskipulags en vegna tafa við kynningu í B-deild stjórnartíðinda ekki tekið gildi. Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 26. fundi sínum þann 10. apríl 2024 að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir Frístundabyggð að Neðri-Ási 2, land 3 og 4, Hjaltadal, Skagafirði, í samræmi við 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035. Í aðalskipulaginu er á svæðinu gert ráð fyrir frístundarbyggð með allt að 50 húsum og er það táknað F-8 á uppdrætti með aðalskipulaginu.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 26. fundi sínum þann 10. apríl 2024 að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir Frístundabyggð að Neðri-Ási 2, land 3 og 4, Hjaltadal, Skagafirði, í samræmi við 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillagan var auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr.123/2012, frá 10.07.2024 til og með 30.08.2024. Auglýsingin var birt 10.07.2024 í Skipulagsgáttinni, heimasíðu sveitarfélagsins skagafjordur.is og á Facebook síðu þess, þann 12.07.2024 í Lögbirtingarblaðinu og 17.07.2024 í héraðsfréttablaðinu Feyki og Sjónhorninu.

Skipulagsgögn voru aðgeng á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki sem og á heimasíðu sveitarfélagsins.

Tíu athugasemdir/umsagnir bárust á auglýsingartíma deiliskipulagstillögunnar sem gáfu tilefni til breytinga.

Uppfærð deiliskipulagsgögn voru tekin fyrir og samþykkt hjá Skipulagsnefnd Skagafjarðar á 71. fundi þeirra þann 16.04.2025 og í kjölfarið samþykkti Sveitarstjórn Skagafjarðar tillöguna á 38. fundi þeirra þann 14.05.2025 .

Þann 11. Desember 2020 sendi Sveitarfélagið Skagafjörður skipulagsgögnin til Skipulagsstofnunar til yfirferðar skv. 1.mgr.42.gr skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41.gr. laganna. Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn þann 23. september 2020 og engar athugasemdir bárust á kynningartímanum.

2 SKIPULAGSSVÆÐIÐ – STAÐHÆTTIR

2.1.1 AFMÖRKUN SVÆÐISINS

Skipulagssvæðið er staðsett utarlega í Hjaltadal í Skagafirði þar sem áður var Áskot og stendur norðvestan við Neðri-Ás.

Svæðið er brot úr jörðinni Neðri-Ás 2, liggur norðan jarðarinnar, austan malarvegur nr.769 og er um 8.5 ha. að stærð.

Svæðið er staðsett á ási sem skilur að Hjaltadal í vestri og Kolbeinsdal í austri. Landslag svæðisins einkennist annars vegar af grónu túni og hins vegar holti. Talsvert hefur verið gróðursett, aðallega lerki og birki. Skipulagssvæðið hallar frá austri til vesturs með ægifögru útsýni inn og út Hjaltadalinn með fjarðarsýn norður Skagafjörð. Hæðarmunur á skipulagssvæðinu frá vestri til austurs er u.þ.m. 8m. Ríkjandi vindáttir eru norðlægar og suðlægar áttir. Hefðbundinn búskapur hefur verið aflagður á skipulagssvæðinu en landið verið nýtt að hluta undir sumarhús, eins og áður er getið.

Vakin er sérstök athygli á grein 4.20.3, „Skrásettar og friðaðar fornminjar“ í greinargerð með aðalskipulagi. Samkvæmt henni eru á svæðinu friðlýstar menningarminjar, m.a. í formi hlaðinna veggja og tófta og skal ekki hrófla við þeim eða öðru sem kann að koma í ljós. Í slíkum tilfellum skal hafa samband við Fornleifavernd ríkisins skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001.

2.1.2 GRÓÐURFAR

Vestasti hluti skipulagssvæðisins er nokkuð flatur melur með lágum gróðri sem liggur að ónefndri tjörn við vesturmörk svæðisins. Við suður og austurhlið tjarnarinnar er nokkuð stórt votlendi og nýtur þetta svæði og tjörnin sérstakrar verndar skv. 61.grein laga um náttúruvernd. Mýrarsvæðið flokkast sem starungsmýrarvist og brokflóavist en báðar þessar vistgerðir hafa mjög hátt verndargildi og er töluvert fuglalíf og varp á þessu svæði. Við framkvæmdir skal forðast allt óþarfa rask og truflun við svæðið. Austar og norðar hækkar

landið lítillega og þar er gróður og kjarr orðin nokkuð þétt, sérstaklega þar sem land tekur að hækka. Efst á skipulagssvæðinu er síðan aftur flatara svæði þar sem áður var tún.

2.1.3 FORNMINJAR

Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingur og Ylfa Leifsdóttir fornleifafræðinemi hjá Byggðasafni Skagfirðinga hafa tekið saman fornleifaskráningu fyrir svæðið og gefið út skýrslu þess efnis með verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3369

Í samantekt á niðurstöðum skýrslunnar segir að skipulagssvæðið skiptist í tvo hluta; norðaustursvæði og suð-vestursvæði. Minjar svæðisins eru á norðaustursvæðinu. Þar eru alls skráðar 12 minjar og þar af aðeins einar sem ekki höfðu verið skráðar áður.

Í niðurlagi skýrslunnar segir að „...átta minjar eru taldar í hættu eða mikilli hættu vegna náttúrulegra og/eða viðvarandi þátta, í flestum tilfellum vegna skógræktar...“. Nánar má lesa um hættumat vegna framkvæmda í viðauka 1 við skýrsluna.

Í töflu 2 í skýrslunni eru taldar upp minjar sem eru í hættu vegna framkvæmda skv kynntum deiliskipulagsgögnum. Um er að ræða minjar 1, 2, 3, 6, 7, 8, 9, og 10 sem voru við gerð matsins ýmist að hluta til innan byggingarreits eða innan 15m frá byggingarreit.

Í kjölfar minjaskráningarinnar hafa því verið gerðar breytingar á staðsetningu byggingarreita á svæðinu og þannig tekið tillit til þeirrar hættu sem metin er í skýrslunni eins og kostur er á þeim stöðum þar sem ekki enn hafa verið reist hús. En hús höfðu þegar verið byggð á lóðum 2, 3, 4, 7, og 9 áður en til vinnslu deiliskipulagsins kom.

Komi nýjar minjar í ljós við nýjar framkvæmdir á svæðinu skal stöðva framkvæmdir tafarlaust og skal fornleifafræðingur og Minjastofnun Íslands meta eðli þeirra og umfang og hvort frekari rannsókn sé þörf áður en framkvæmdum er haldið áfram.

2.1.4 KVAÐIR Í SKIPULAGINU

Kvöð er um eftirfarandi:

- Samráð við Rarik varðandi orkuöflun á svæðinu áður en framkvæmdir hefjast.
- Samráð við Mílu um lagnir áður en framkvæmdir hefjast.

3 DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR

3.1 ALMENNT

Lögð skal áhersla á vandaða hönnun innra skipulags íbúða ásamt ytra formi og útliti. Hús skulu ekki klædd með litsterkum klæðningum heldur falla vel að náttúrulegu umhverfi sínu. Lóðirnar eru veittar í því ástandi sem þær eru í við afhendingu. Landeigendum er frjáls umferð um þær með vinnutæki og önnur afnot eftir því sem nauðsyn kveður meðan undirbygging gatna og uppbygging á svæðinu fer fram

3.2 LÓÐIR

Lóðirnar eru veittar í því ástandi sem þær eru í við afhendingu. Landeigendum er frjáls umferð um þær með vinnutæki og önnur afnot eftir því sem nauðsyn kveður meðan undirbygging gatna og uppbygging á svæðinu fer fram

3.3 HÚSAGERÐIR OG ÁKVÆÐI BYGGINGARREITA

Húsgerðir eru 5 talsins, A-B-C-D-E og eru þær skýrðar út hér að neðan.

Húsform og þakgerðir eru frjálsar á svæðinu öllu en leitast skal eftir því að húsin falli vel að landi og umhverfi sínu hverju sinni. Byggingarefni húsa er frjálst og ystu klæðningar þaka og veggja eru frjálsar, en þó skal miðað við að litaval sé ekki skært eða áberandi í landslaginu. Lýsing innan lóða skal vera í lágmarki og þannig hönnuð að ekki myndist ljósmengun að nærliggjandi lóðum.

Viðmiðunarkóti jarðhæðar verður skilgreindur á mæliblöðum en gert er ráð fyrir að hægt verði að hreyfa hús +/- 50cm frá viðmiðunarkóta án leyfis.

Húsagerð A gildir um hús á lóðum númer 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7. Á hverri lóð er heimilt að byggja tvö hús, eitt aðalhús og annað gestahús. Hámarksstærð húsa samtals verði 160,0m². Byggingarreitir eru misstórir, allt eftir aðstæðum hverju sinni. Þakhalli-, stefna- og form verði frjáls en hámarkshæð mænis verði 6,0m frá gólfkóta húss.

Húsagerð B gildir um hús á lóð númer 11 og 9. Heimilt er að byggja tvö hús, eitt aðalhús með kjallara og með áföstum bílskúr eða stakstæðum og annað gestahús. Hámarksstærð húsa samtals verði 210m². Þakhalli-, stefna- og form verði frjáls en hámarkshæð mænis verði 6,7m frá gólfkóta húss.

Húsagerð C gildir um hús á lóðum númer 15, 16, 17, og 18 og 13. Heimilt er að byggja tvö lítil og stakstæð hús á hverri lóð nema á lóð númer 13 þar sem má reisa eitt hús sem verði baðaðstaða/snyrtingar. Hámarks grunnflötur hvers húss er 35,0m² að grunnfleti. Svefnloft eru leyfileg. Þakhalli-, stefna- og form verði frjálst en hámarkshæð mænis verði 4,7m frá gólfkóta húss.

Húsagerð D gildir um hús á lóðum númer 8, 10, 12 og 14. Heimilt er að byggja eitt hús lóðinni. Hámarks leyfilegur grunnflötur er 80,0m². Svefnloft eru leyfileg. Þakhalli-, stefna- og form verði frjálst en hámarkshæð mænis verði 6,2m frá gólfkóta húss.

Húsagerð E gildir um hús á lóð númer 19. Heimilt er að byggja tækjaskemmu á lóðinni. Þakhalli verði 0-35° og þakkorm frjálst en hámarkshæð mænis verði 7,0m frá gólfkóta húss. Hámarks veggshæð er 4,0m og hámarks nýtingarhlutfall lóðar er 0.152.

Leyfilegt er að byggja smáhýsi á öllum lóðum sem eru 15m² eða minna sem eru undanskilin byggingarheimild. Líkt og gr.2.3.5 í byggingareglugerð kveður á um.

3.4 BYGGINGARREITIR

Byggingarreitir eru skilgreindir á deiliskipulagsupprætti og málsettir á mæliblöðum hvernar lóðar. Hús skulu standa innan byggingarreits en þó mega þakbrúnir og aðrir útskagandi byggingarhlutar standa út fyrir reiti allt að 0,5m

Leyfilegt er að skyggni eða tröppur fari út fyrir byggingarreiti en þó aðeins þannig að lágmarksfjarlægðir í byggingareglugerð séu virtar.

Engar bindandi byggingarlínur eru í deiliskipulaginu. Verði frávik frá ofangreindu skulu þau rökstudd á aðaluppdráttum.

3.5 BÍLASTÆÐI

Á hverri lóð er gert ráð fyrir tveimur bílastæðum. Staðsetning á uppdrætti er ekki bindandi.

3.6 GRÓÐUR OG UMHVERFI LÓÐA

Lóðarhafar skulu ganga frá lóðarmörkum þannig að landhæðir við lóðarmörk skulu jafnaðar með 1+1m jöfnunarsvæði sem deilist jafnt á aðliggjandi lóðir. Mælt er til þess að lóðarhafar hugi að skjólmyndun með gróðursetningu trjáa og limgerða, en þó skal vísað í kafla 7.2 í byggingareglugerð um frágang trjáa og runna þar sem fjallað er um staðsetningar við lóðarmörk

eða í nálægð við aðliggjandi hús nágretta vegna mögulegs skuggavarps. Girðingar á lóðarmörkum skulu samþykktar af báðum lóðarhöfum.

3.7 ÚTIVISTARSVÆÐI OG STÍGAR

Almennt leiksvæði er staðsett í austurhorni svæðisins.

3.8 SORPHIRÐA

Sorphirða er ekki á svæðinu og bera eigendur sjálfir ábyrgð á sorplosun af sinni lóð í næstu safnstöðvar eða gámasvæði sveitarfélagsins.

3.9 GÖTUR OG LÝSING

Gatnaskipulag svæðisins byggir á þeim götum sem áður hafa verið lagðar og byggja að hluta til á eldri slóðum og götum sem lágu innan jarðar Neðri-Áss.

3.10 MÆLIBLÖÐ

Á mæliblöðum eru lóð, byggingarreitur og staðsetning fráveitulagna og annarra stofnlagna staðsettar. Einnig skulu gefnir út fastir leiðsögukótar fyrir gólfplötu húsanna. Hús skal staðsetja innan byggingarreits. Engar bundnar byggingarlínur eru í skipulaginu.

3.11 FRAMKVÆMDALEYFI

Áður en framkvæmdir hefjast samkvæmt samþykktu deiliskipulagi og mæliblöðum skal sveitarstjórn gefa út framkvæmdaleyfi og eða byggingarleyfi, allt eftir eðli framkvæmda.

3.12 VEITUR OG LAGNIR

Hitaveita er á svæðinu og er lega hennar merkt á uppdrátt með skipulaginu. Raflagnir og ljósleiðara í gegnum skipulagssvæðið hafa verið lagðar með hitaveitulögn. Að öðru leyti er vísað í reglugerð 450/2009 um fráveitur og skólþ.

3.12.1 VATNSVEITA

Svæðið er tengt veitukerfi Skagafjarðarveitna fyrir heitt vatn og eru lagnir lagðar meðfram götustæði. Kalt vatn kemur úr lind sem er utan skipulagssvæðisins, en auk þess hefur verið

borað eftir köldu vatni innan lóðar nr 11 og verður sú hola tekin í notkun á næstunni og yfir hana byggt lítið hús/skúr.

3.12.2 FRÁVEITA

Rotþrær eru staðsettar á uppdrætti (R). Sameiginlegt hreinsivirki (demantur) verður fyrir nýjar lóðir húsgerða C og D á suð-vesturhluta skipulassvæðisins. Frágangur þeirra skal standast allar kröfur reglugerðar um fráveitu og skólp nr. 798/1999 og vera unninn í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra.

3.12.3 RAFVEITA

Svæðið og allar lóðir verði tengdar rafdreifikerfi RARIK.

3.12.4 LJÓSLEIÐARI

Ljósleiðari verður lagður að öllum húsum á svæðinu samhliða hitaveitulögnum.

4 ÁHRIFAMAT

Deiliskipulag þetta gerir ekki ráð fyrir framkvæmdum sem falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021 eða ákvæði í gr. 1.1., gr. 5.1.1. og gr. 5.4. í Skipulagsreglugerð 90/2013. Við gerð deiliskipulagsins var tekið mið af eftirfarandi umhverfisþáttum:

- **Vistkerfi:** Gatnahönnun svæðisins er hönnuð með það að markmiði að lágmarka gróðurask og þá eru kvaðir á lóðum með þeim hætti að haldið verði í tré og kjarr innan lóða eins og kostur er.
- **Íbúapróun:** Um er að ræða frístundabyggð og hefur því ekki áhrif á íbúafjölda sveitarfélagsins.
- **Byggðamynstur:** Þéttleiki, fjarlægð milli byggingarreita og afstaða lóða og gatna er í samræmi við kröfur aðalskipulags um fjölbreytileika og yfirbragð dreifðrar byggðar sem ekki líkist hefðbundinni þéttbýlisbyggð.
- **Efnisleg verðmæti:** Með uppbyggingunni eru efnisleg verðmæti í sveitarfélaginu aukin.
- **Menningarminjar:** Tekið hefur verið tillit til fornminja á svæðinu í fullu samráði við Minjastofnun og m.t.t. laga um menningarminjar nr. 80/2012 samkvæmt fyrirbyggjandi fornleifaskráningu Minjastofnunar.

Mat deiliskipulagshöfunda er að skipulagið hafi jákvæð eða að minnsta kosti óveruleg áhrif á ofangreinda umhverfisþætti.

5 MÁLSMEÐFERÐ

5.1 AUGLÝSING

Tillaga að deiliskipulagi var samþykkt til auglýsingar í skipulagsnefnd Skagafjarðar þann _____, og í sveitarstjórn þann _____.

Tillagan var auglýst með athugasemdar fresti frá _____ til _____.

5.1 AFGREIÐSLA ATHUGASEMDA

Skipulagstillagan var afgreidd á fundi skipulagsnefnd Skagafjarðar þann _____.

5.1 BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á skipulaginu eftir hefðbundinn auglýsingatíma.

6 AFGREIÐSLA OG GILDISTAKA

Deiliskipulag þetta var auglýst skv. 41.gr.skipulagslaga nr. 123/2010 frá _____ til _____. Deiliskipulagi var samþykkt í skipulagsnefnd þann _____ og í sveitarstjórn Skagafjarðar þann _____.

Sveitarstjóri Skagafjarðar

Gildistaka deiliskipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____